

## Fundargerð stýrihópsfundar

Dags.fundar <b>31. janúar 2017</b>	Staðsetning: Vonarland Egilsstöðum	Fundur settur: <b>Kl. 13:00</b>
Fundarboðari: Austurbrú /Guðrún J.	Fundarritari: Guðrún	Fundi slitið: Kl. 16:15

Fundarboðun send á / mættir og forfallaðir:

Mættir:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar	Tölvupóstur
	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú ses	<a href="mailto:gudrun@austurbru.is">gudrun@austurbru.is</a>
	Árni Óðinsson	Landsvirkjun	<a href="mailto:arni.odinsson@landsvirkjun.is">arni.odinsson@landsvirkjun.is</a>
	Geir S. Hlöðversson	Alcoa	<a href="mailto:geir.hlodversson@alcoa.com">geir.hlodversson@alcoa.com</a>
	Anna Berg samúelsdóttir	Fjarðabyggð	<a href="mailto:anna.b.samuelsdottir@fjarðdabyggd.is">anna.b.samuelsdottir@fjarðdabyggd.is</a>
	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshéraði	<a href="mailto:freyr@egilsstadir.is">freyr@egilsstadir.is</a>
	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri	<a href="mailto:hjalti@unak.is">hjalti@unak.is</a>

### **Mál á dagskrá:**

#### **1. Hjalti Jóhannesson og Anna Berg Samúelsdóttir nýir fulltrúar í stýrihópi**

Hjalti og Anna Berg kynntu sig sögðu stutt frá bakgrunni sínum og núverandi störfum. Aðrir í stýrihópi kynntu sig einnig örstutt fyrir nýju fulltrúunum.

#### **2. Niðurstöður ársfundar 2016 stutt yfirferð og eftirfylgni.**

Farið var í gegnum glærur frá Maríu Kristmundsdóttur og Jóhönnu Hörpu Árnadóttur um niðurstöður hópavinnu á ársfundi 2016. Einnig lögð fram skrifleg fundargerð/samantekt af fundinum.

Stýrihópurinn telur mikilvægt að vinna áfram úr niðurstöðum ársfundarins. Ákveðið var að hafa vinnufund 1. mars n.k. um niðurstöðurnar þar sem tekin verði afstaða til helstu atriða í niðurstöðu SVOT greiningarinnar sem gerð var á ársfundinum.

#### **3. Erindi frá sjálfbærni-verkefni sem verið er að koma af stað á Húsavík varðandi hugmynd um sameinlegt vefsvæði verkefnanna.**

Erindið rætt en fulltrúar vildu tíma til að veita og meta það frekar og ræða það í sínu baklandi. Afgreiðslu því frestað til næsta fundar.

#### **4. Ársfundur 2017 – efni, dags og staðsetning.**

Ákveðið var að kanna hvort 25. eða 26. apríl gætu gengið hjá fyrirtækjunum og varðandi húsnæði. Ákveðið að halda fundinn á Eskifirði í Kirkju- og menningarmiðstöðinni. Þema fundarins verði samfélagsmál/samfélagsvísar.

#### **5. Úttekt Félagsvísindastofnunar HÍ á sjálfbærni- og umhverfisverkefnum einkum samsfélagsvísam.**

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir kom inn á fundinn í gegnum skype.

Guðbjörg Andrea gerði grein fyrir verkefnum. Áformað er að vinna úttektina í febrúar og mars og kynna niðurstöður á ársfundinum 2017.

#### **6. Áhersur 2017**

Fyrir utan að klára að breyta almennum texta á vef var ákveðið að unnið verði með sýnileika sem er eitt af þeim atriðum sem SVOT greiningin frá ársfundi 2016 benti á að þyrfti að bæta. Liður í því væri að undirbúa gerð á lógói fyrir verkefnið og í farmhaldi að gera sniðmát fyrir kynningar, bréfsefni og annað. Guðrún skoðar fyrir næsta fund hvernig hægt sé að koma þessu í ferli.

Ekki lágu fleiri mál fyrir fundinum.

Fundi slitið um kl 16.15.